

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 7. febrúar 2020

Umsögn um Grænbók um fjárveitingar til háskóla, mál nr. 5/2020

Löngu er orðið tímabært að endurskoða reiknilíkan háskólanna en upphaflegt markmið þess laut aðallega að fjölgun stúdenta á Íslandi. Af Grænbók um fjárveitingar til háskóla að dæma hefur upprunalega markmiði reiknilíkansins verið náð en tveimur áratugum síðar hefur landslag háskólakerfisins tekið heilmiklum breytingum. LÍS taka undir með skýrsluhöfundum um að hvatinn í núverandi kerfi sé einsleitur og ýti undir áherslu á magn fremur en gæði. Reiknilíkanið stangast á við núverandi þarfir háskólanna sem bjóða meðal annars upp á nám sem stenst alþjóðlegan samanburð og hefur gæði náms í fyrirrúmi.

Breytur í reiknilíkaninu sem ákvarða hvernig fjármagni er úthlutað til mismunandi fræðasviða/deilda háskólanna verða að taka mið af raunkostnaði við rekstur fræðasviða/deilda. Háskólastofnanir eru háðar áreiðanlegum og fyrirsjáanlegum rammaskilyrðum til þess að starfa eftir og þarf til þess fjárhagslegan stöðugleika og sjálfstæði fyrir stefnumarkandi áætlanagerð til langtíma. Meðal hlutverka reiknilíkansins er að færa stefnu stjórnvalda í framkvæmd. Því er forsenda fyrir breyttu reiknilíkani að stefna í menntamálum sé til staðar en LÍS fagna því að vinna við menntastefnu til ársins 2030 sé hafin. Samtökin ítreka þó að slík stefna á að vera mótuð í góðu samstarfi við stúdenta, háskólana og aðra viðeigandi hagsmunaaðila svo sem Gæðaráð íslenskra háskóla. Það gefur að skilja að ekki er hægt að ákvarða breytur í reiknilíkani sem þessu með markvissum hætti fyrr en menntastefna liggur fyrir. Að mati LÍS ættu eftirfarandi áherslur að vera hafðar til hliðsjónar við gerð stefnumarkmiða: aðgangur að námi, aukin félagsleg vídd, alþjóðavæðing íslenska háskólakerfisins og gæði náms. Við gerð menntastefnu og hvítbókar ætti einnig að hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til hliðsjónar.

Aðgangur að námi

Háskólar gegna lykilhlutverki í mótun og framþróun samfélags og hafa bæði bein og óbein áhrif á hvern einstakling sem tilheyrir því. Tækifæri allra sem kjósa að stunda háskólanám eiga af þeim sökum og fleirum að vera jöfn. Menntunarstig þjóðarinnar hefur verið lægra en hinna Norðurlandanna í gegnum tíðina en með aukinni aðsókn og auknum aðgangi að háskólanámi stöndum við nú nánast jafnfætis öðrum Norðurlandþjóðum. Fækkun nemenda með aðgangsstýringum er því ekki vænleg til þess að bæta fjárhagsstöðu háskólakerfisins til framtíðar heldur skref aftur á bak. Aðgangsstýringum ætti aldrei að vera beitt til að bæta fjárhagslega stöðu háskóla. Einungis ætti að ráðast í innleiðingu á aðgangsstýringum með það að meginmarkmiði að auka gæði náms.

Mikilvægt er að hafa í huga að fækkun nemenda leiðir ekki sjálfkrafa af sér aukin gæði náms. Hlúa þarf að aðgengi að menntun og gæðum hennar með bættri fjármögnun og þróaðri og bættum kennsluháttum. Þar að auki ber að gæta þess að aðgangsstýringar vegi ekki að jafnrétti til náms. Ljóst er að nálgast þarf aðgangsstýringar af varkárni og þurfa markmið með setningu þeirra að vera skýr og mælanleg. Stofnunum ber einnig að bjóða upp á raunfærnimat sem metur fyrri störf og reynslu umsækjanda til háskólanáms.

Aðgangur að námi snýst ekki eingöngu um aðgengi að háskólastofnunum. Það snýst um að allir sem vilja afla sér menntunar hafi raunverulegt færi á að stunda það nám sem þeir hafa hug á af elju. Í því felst að stúdentar hafi aðgang að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, eigi fyrir nauðsynjavörum, búi við góða geðheilsu og heilsu almennt. Því er nauðsyn að stúdentar, eins fjölbreyttur hópur og þeir eru, fái viðeigandi stuðning til náms óháð efnahagi, bakgrunni, félagslegum aðstæðum eða stöðu að öðru leyti. Háskólar þurfa að hafa tök á að bregðast við ákalli stúdenta og samfélagsins í heild sinni eftir breyttum kennsluháttum, auknum stuðningi við stúdenta og fjölbreyttri fræðslu innan háskólasamfélagsins. Háskólarnir hafa vitanlega einungis tök á því ef þeir eru vel fjármagnaðir og þurfa fjárveitingar til háskólanna að gera ráð fyrir því að þeir geti veitt stúdentum þá þjónustu sem þeir þarfnast, til að mynda geðheilbrigðisþjónustu. Allir stúdentar eiga að hafa aðgang að slíkri þjónustu, endurgjaldslaust, og þurfa háskólar því að fá sérstakt fjármagn vegna þess. Fjárhagsleg byrði sálfræðiþjónustu er óásættanlegt álag á þá stúdenta sem þarfnast þeirrar þjónustu. Því þarf að gæta að því að fjárhagur standi aldrei þar í vegi.

Félagsleg vídd

Félagsleg vídd (e. Social dimension) gefur til kynna þann fjölbreytileika sem til staðar er í samfélaginu. Ef fullkomin félagsleg vídd væri til staðar í háskólasamfélaginu myndi þar endurspeglast þverskurður samfélagsins. Miðað við þann fjölbreytileika sem finnst í íslensku samfélagi er það ekki raunin að stúdentahópurinn endurspegli samfélagið hér á landi. Jafnt aðgengi að námi er ekki raunverulega uppfyllt nema stúdentahópurinn endurspegli samfélagið með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að skoða þær hindranir sem koma í veg fyrir að einstaklingar stundi nám. Til þess að hægt sé að móta stefnur með upplýstum hætti er undirstöðuatriði að tölfræðilegar upplýsingar um stúdentahópinn séu til staðar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er skuldbundið til að safna lykilupplýsingum um starfsemi háskólanna. Þessar upplýsingar eiga að vera opinberar eins og stefnt var að þegar söfnun þeirra hófst. Einnig er mikilvægt að tekið sé tillit til jafnréttis og fjölbreytileika í söfnun upplýsinga og að ekki gæti hlutdrægni eða fordóma á neinn máta.

Í síbreytilegu samfélagi eins og því íslenska er mikilvægt að æðri menntastofnanir geti brugðist hratt og örugglega við breyttri samsetningu þjóðarinnar. Hópur innflytjenda og flóttafólks fer sífellt stækkandi hérlendis og þarf háskólakerfið að vera reiðubúið til þess að taka fólki af erlendum uppruna opnum örmum svo það hafi tök á að styrkja sig og samfélagið. Því skiptir máli að fjárveitingar til háskólanna séu með því móti að þeir geti auðveldlega boðið fólki sem hefur annað móðurmál en íslensku raunverulegan möguleika á að uppfylla aðgangskröfur. Eins og staðan er í dag er það tæpast raunin. Í þessu samhengi skiptir tvennt höfuðmáli. Í fyrsta lagi það að háskólarnir fái fjármagn til þess að bjóða upp á öflugra íslenskukennslu fyrir fólk sem er á ólíkum stigum skilnings á málinu. Þessi kennsla þarf að vera fjölbreytt og til þess gerð að fólk af erlendum uppruna hafi við lok hennar tök á því að takast á við háskólanám á íslensku. Í öðru lagi þurfa háskólarnir að hafa rými til þess að bjóða upp á fleiri námsleiðir á öðrum tungumálum en íslensku, sérstaklega hvað varðar námsleiðir í grunnnámi.

Alþjóðavæðing íslenska háskólakerfisins

Alþjóðleg tengsl íslenskra háskóla skipta miklu máli í samhengi við gæði háskólanáms. Alþjóðleg tengsl leiða til samkeppnishæfara menntakerfis á alþjóðavísu, víðsýnna samfélags, fjölbreyttara vinnuafls og öflugra fræðastarfs. Alþjóðavæðing einfaldar tengsl milli einstaklinga, samtaka og stofnana í ólíkum heimshornum og stuðlar þannig að auknum skilningi og hraðari

samskiptum milli landa og menningarheima. Slíkur skilningur og samskipti eru sérlega mikilvæg í nútímanum þar sem fólksflutningar á milli landa eru daglegt brauð og menningarheimar eru farnir að skarast í auknum mæli, jafnvel hérlendis. Því er nauðsynlegt að sem flestir íslenskir stúdentar muni eiga þess kost að sækja háskólanám erlendis og tengsl á milli íslenskra og erlendra háskóla séu eflað og þróuð enn frekar. Taka þarf tillit til þeirrar þróunar sem á sér stað í Evrópu í tengslum við European University Network.

Gæði náms

Áhersla skal lögð á að gæði náms séu ávallt í forgrunni þegar stefnumarkandi ákvarðanir eru teknar. Gæði náms eru skilgreind út frá viðleitni stofnana til þess að greina eigin starfsemi og skipuleggja alla þætti háskólanáms þannig að þeir stuðli að því að tilsettu lærdómsviðmiði eða markmiði sé náð. Það má einnig skilgreina gæði náms út frá hvaða hæfni og færni hver og einn stúdent tileinkar sér á meðan á námi stendur. Sjálfbær þróun, gagnrýnin hugsun, uppspretta nýrra hugmynda og gott siðferði skal vera stór hluti af menntun, rannsóknum og þróun í öllum háskólastofnunum. Við mat á gæðum náms þarf að styðjast við skýr viðmið svo árangur sé mælanlegur. Haga þarf fjárveitingum með þeim hætti að háskólar landsins geti boðið upp á nemendamiðað nám með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og námsmat.

Örar umhverfis-, samfélags- og tæknibreytingar

Ýmsar spár hafa komið fram um það hvaða áhrif fjórða iðnbyltingin mun hafa á samfélagið í heild sinni. Erfitt er þó að segja til um hvað framtíðin ber í skauti sér og ber að taka þessum spám með ákveðnum fyrirvara. Efla mætti færni stúdenta til þess að takast á við fjölbreyttar aðstæður og gefa þeim þar með þau verkfæri sem þeir þurfa til þess að bregðast við breytingum á vinnumarkaði. Í því samhengi er lykilatriði að lögð sé áhersla á að efla gagnrýna og skapandi hugsun stúdenta. Háskólar mættu setja aukinn kraft í að efla samskiptafærni nemenda sinna sem og færni þeirra til þess að vinna með fjölbreyttum hóp fólks sem hefur mismunandi reynslu og þekkingu. Einn liður í því er að auka samstarf þvert á deildir. Mikil áhersla á ársnema í núverandi reiknilíkani getur leitt til þess að deildir haldi fast í nemendum sína í staðinn fyrir að stuðla að því að þeir sækji námskeið í öðrum deildum. Þetta getur dregið úr samstafi þvert á deildir þrátt fyrir að slíkt samstarf geti verið skynsamlegt frá rekstrarlegu eða faglegu sjónarhorni. Í því samhengi er einnig vert að nefna að tryggja þarf að fólk hafi tækifæri til sí- og endurmenntunar svo Íslendingar og aðrir sem hér búa hafi tök á að bregðast við og aðlaga sig að

breyttum aðstæðum í samfélaginu. Sérstaklega með tilliti til fjórðu iðnbyltingarinnar og stafrænu byltingarinnar.

Örar tæknibreytingar krefjast þess að háskólakerfið geti boðið upp á fjölbreyttar leiðir til náms í raungreinum. Efla þarf stöðu kvenna innan raungreina með því að brjóta niður staðalímyndir kynja þvert á háskólasamfélagið og jafna þannig einnig hlut karla í kennslufræðum og heilbrigðisvísindum. Þetta er unnt að framkvæma með því að gera jákvæðum fyrirmyndum allra kynja innan fyrrnefndra greina hátt undir höfði.

Samfélagsleg ábyrgð háskóla

Í skýrslunni kemur fram að hlutverk háskóla sé þrískipt: a) kennsla, b) rannsóknir og c) samfélagslegt hlutverk. Ekkert er fjallað um samfélagslega hlutverkið í reglum um fjárveitingar og erfitt hefur verið að finna leiðir til að meta framlag háskólanna til samfélagsins. Samfélagsleg ábyrgð háskóla er mikilvægur þáttur af starfsemi þeirra, starfsemi sem á að leggja rækt við menningu, lýðræðislega umræðu og rannsóknir sem stuðla að framförum í samfélaginu ásamt því að leggja stjórnvöldum lið við stefnumótun. Mikilvægt er að finna leiðir til þess að taka tillit til þessa við fjármögnun háskóla, til dæmis með því að efla rannsóknarstarf sem samfélagið hefur beina hagsmuni af.

Sérstaða hvers skóla

Í skýrslunni kemur fram að markmið árangurssamninga geti til dæmis verið að stuðla að því að stofnanir skilgreini sérstöðu sína og staðsetji sig með tilliti til námsframboðs og rannsókna. Með þessu móti má nota samninga til að draga úr einsleitni í háskólakerfinu eins og þegar margar stofnanir bjóða sambærilegt nám. Á Íslandi hefur hver skóli sína sérstöðu sem mætti skoða að efla með árangurstengdum samningum. Stjórnvöld þurfa einnig að spyrja sig hvort nauðsynlegt sé að allir háskólar séu rannsóknarháskólar. Markmið stjórnvalda um háskóla snúa að hinum þremur hlutverkum þeirra sem er að auka gæði náms og námsumhverfis í háskólum, styrkja rannsóknarstarf og umgjörð þess og auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknarstofnana í samfélaginu. Í skýrslunni kemur fram að töluverður munur sé á rannsóknarstarfsemi háskólanna. Akademískir starfsmenn í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík birta að jafnaði þrjár greinar á hvert ársverk. Í hinum skólunum eru greinarnar færri en 1,5 á hvert ársverk. Þessi staðreynd er flokkuð sem áskorun en vert er að velta því upp hvaða stefnu eigi að taka. Hvort markmið reiknilíkans ætti að vera að efla rannsóknarstarf hvers skóla eða að gera

þeim kleift að marka sérstöðu sína enn frekar og bjóða þannig upp á fjölbreyttara námsframboð en nú tíðkast í íslenskum háskólum. Ef velta á þessum möguleika upp er mikilvægt að það sé gert í sterku og nánu samstarfi við hagaðila, þar á meðal stúdenta. Óyggjandi er þó að sterkt og gott rannsóknarstarf er burðarstólpi kröftugs og frjós háskólasamfélags.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Sigrún Jónsdóttir

Sigrún Jónsdóttir, forseti LÍS